



Stúdentaráð Háskóla Íslands

FUNDARGERÐ

Stúdentaráðs Háskóla Íslands, 6. fundur

Þriðjudaginn, 21. janúar 2025

17:00-19:00

Háskóli Íslands, Askja, N-132

Fundarstjóri: Arent Orri J. Claessen, forseti

Fundarritari: Daníel Hjörvar Guðmundsson, framkvæmdastjóri

Mætt eru:

Alda María Þórðardóttir (án atkvæðisréttar)
Anna Sóley Jónsdóttir, stúdentaráðsliði, Vaka
Ásdís Rán Kolbeinsdóttir, varafulltrúi í Stúdentaráði, Vaka
Ásthildur Bertha Bjarkadóttir, stúdentaráðsliði, Vaka
Birkir Snær Brynleifsson, stúdentaráðsliði, Vaka
Ester Lind Eddudóttir, stúdentaráðsliði, Röskva
Fannar Gíslason (án atkvæðisréttar)
Gauti Skúlason (án atkvæðisréttar)
Gunnar Ásgrímsson, stúdentaráðsliði, Vaka
Hildigunnur Ingadóttir (án atkvæðisréttar)
Ísleifur Arnórsson, stúdentaráðsliði, Röskva
Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands
Júlíus Viggó Ólafsson, stúdentaráðsliði, Vaka
Karen Lind Skúladóttir (án atkvæðisréttar)
Katla Ólafsdóttir, stúdentaráðsliði, Röskva
Kristinn Ingvarsson (án atkvæðisréttar)
Kristín Friða Sigurborgardóttir, stúdentaráðsliði, Röskva
Maggi Snorrason (án atkvæðisréttar)
Magnús Bergmann Jónasson, stúdentaráðsliði, Röskva
Mathias Bragi Ölvísson (án atkvæðisréttar)

Patryk Edel, stúdentaráðsliði, Röskva
Ragnheiður Geirsdóttir, stúdentaráðsliði, Vaka
Sigurbjörg Guðmundsdóttir (án atkvæðisréttar)
Snæfríður Blær Tindsdóttir, varafulltrúi í Stúdentaráði, Vaka
Styrmir Hallsson, stúdentaráðsliði, Röskva
Sæunn Stefánsdóttir (án atkvæðisréttar)
Sæþór Már Hinriksson (án atkvæðisréttar)
Tinna Eyvindardóttir, stúdentaráðsliði, Vaka
Valgerður Laufey Guðmundsdóttir (án atkvæðisréttar)
Védís Drótt Cortez, varafulltrúi í Stúdentaráði, Röskva

I. Fundur settur 17:07.

Meeting Called to Order at 17:07.

II. Yfirferð á málum sem hafa verið á döfinni. Heimsókn frá Jóni Atla Benediktssyni, rektor.

Review of Ongoing Issues. Visit from Jón Atli Benediktsson, Rector.

Jón Atli Benediktsson flytur stutta yfirferð á tíma sínum sem rektor Háskóla Íslands. Fer yfir helstu mál og atburði á þeim árum sem hann hefur sinnt starfinu.

Forseti gefur oddvitum færi á að segja nokkur orð.

Styrmir Hallsson segir að námsleiðir og námskeið séu í hættu vegna vanfjármögnunar, sér í lagi á Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Hann spyr rektor um hvernig sé best að stúdentar beiti sér í þessum málum. Rektor svarar að best sé að beina kröfum til stjórnvalda og leggja áherslu á að eiga uppbyggilegt samtal.

Júlíus Viggó þakkar rektor fyrir komuna og spyr hann af hverju hann sé stoltastur af. Rektor þakkar honum hlý orð og rifjar upp tíma sinn í Stúdentaráði. Hann segir að það mikivægasta sem hann hefur lært er að vinna með ólíku fólki og leiða saman ólík sjónarmið.

Katla Ólafsdóttir spyr um Sögu, hvenær sé áformað að flytja þangað inn. Rektor segir það ekki liggja fyrir en miðað sé við lok mars. Rektor hefði viljað flytja inn 1. desember en bindur vonir við að þetta verði allt komið í vor.

Forseti færir rektor blóm sem þakklætisvott og myndir eru teknar.

III. Fundargerð fundar þann 12. nóvember 2024 borin upp til samþykktar.
Approval of the Minutes from the Meeting on November 12th, 2024.

Katla bendir á að Maggi Snorrason og Þórkatla Eggerz Tinnudóttir hafi verið skipuð í félagslífs- og menningarnefnd en annað hafi komið fram í fundargerðinni. Verður það leiðrétt.

Fundargerðin samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna utan Ásthildar Berthu Bjarkadóttur sem situr hjá.

IV. Kynning á nýjum kjarafulltrúa SHÍ.
Introduction of the New SHÍ Representative.

Gauti Skúlason hjá Visku kynnir Visku og samstarf stéttarfélagins við Stúdentaráð.

Kristín Fríða spyr út í dæmatímakennara við HÍ sem eru ekki í stéttarfélagi, hvort þeir geti verið í Visku. Gauti svarar því játandi.

Gauti kynnir ráðningu kjara- og réttindafulltrúa við skrifstofu SHÍ en Karen Lind Skúladóttir var nýverið ráðin til að gegna því starfi. Nemendur munu getað leitað til hennar með ýmislegar spurningar tengdum áður nefndum réttindum.

V. Tillaga um afstöðu stúdentaráðs til réttis stúdenta til endurtekta.
Proposal Regarding the Student Council's Position on the Right of Students to Retake Exams.

Flutningsmaður: Tinna Eyvindardóttir, stúdentaráðsliði.

TILLAGA

um afstöðu Stúdentaráðs til réttis stúdenta til endurtekta.

Stúdentaráð ítrekar mikilvægi þess að allir stúdentar eiga að hafa rétt á endutekt. Ólíðandi er að einstaka deildir meini stúdentum að taka endurtektapróf, sérstaklega í þeim deildum þar sem þegar eru haldin sjúkrapróf.

Tinna kynnir efni tillögunnar.

Styrmir tekur undir efni tillögunnar og spyr út í reglur deilda um tvífall.

Forseti tekur undir tillöguna.

Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt einróma.

- VI. Tillaga um aðild Stúdentaráðs að Festu, miðstöð um sjálfbærni.
Proposal for the Student Council to Join Festa, the Center for Sustainability.

Flutningsmaður: Arent Orri J. Claessen.

TILLAGA

um að Stúdentaráð gerist aðili að Festu, miðstöð um sjálfbærni.

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð gerist aðili að Festu, miðstöð um sjálfbærni, en festa eru frjáls félagasamtök sem snýr að sjálfbærni. Í félaginu eru um 200 fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir, þ.á.m. Háskóli Íslands og mikilvægt að Stúdentaráð beiti sér innan félagsins.

Forseti kynnir efni tillögunnar og tilgang Festu. Tekur fram að aðildargjald sé 20.000 – 30.000 krónur. Stúdentar myndu fá aðgang að fræðslu og ráðstefnum.

Katla spyr út í fyrirkomulagið. Hverjir verði fulltrúar stúdenta á ráðstefnum og hvaða ákvarðanir verði teknar þar. Forseti svarar því að það sé allt opið varðandi hverjir sækir ráðstefnur, æskilegt sé að það séu þeir sem hafi áhuga. Þá sé ekki hætta á því að fulltrúar SHÍ séu að fara að taka tilteknar ákvarðanir sem bindi Stúdentaráð.

Mathias spyr um hvort að gjaldið sé á árs- eða mánaðargrundvelli. Forseti segir að það sé greitt ár hvert.

Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt einróma.

- VII. Fundarhlé. 17:57-18:04.
Intermission from 17:57-18:04.

- VIII. Tillaga um hreiður á háskólasvæðinu.
Proposal for the Installation of "Nests" at the University Campus (Spaces for Students with Children).

Flutningsmaður: Katla Ólafsdóttir, oddviti Röskvu og stúdentaráðsliði.

TILLAGA

um hreiður á háskólasvæðinu.

Undirrituð leggur til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að komið verður fyrir svokölluðum hreiðrum víða á háskólasvæðinu þar sem næði væri fyrir stúdenta til að vera með börn sín. Þar væri rými til brjóstgjafa, bleyjuskipta, og leiks.

Katla kynnir efni tillögunnar

Gunnar Ásgrímsson tekur undir tillöguna og fjallar um stöðu mála í Sögu.

Forseti segir það gott að ítreka þessa tillögu.

Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt einróma.

- IX. Tillaga að ályktun um kröfu um stórbættra fjárnámskosta.
Proposal for a Resolution Demanding Improved Options for Distance Learning.

Flutningsmaður: Gunnar Ásgrímsson, forseti sviðsráðs
Menntavísindasviðs.

TILLAGA

að ályktun um kröfu um stórbættra fjárnámskosta.

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð Háskóla Íslands samþykki eftirfarandi ályktun. „SHÍ krefst þess að Háskóli Íslands beiti sér fyrir því að stórbæta möguleika nemenda til fjárnáms við háskólann. Mikilvægt er að Háskóli Íslands sé aðgengilegur nemendum óháð búsetu. SHÍ telur að venjan ætti að vera sú að námskeið séu einnig í boði í fjarnámi, nema góður og gildur rökstuðningur sé fyrir hendi. Frekar en að möguleiki til fjárnáms sé undantekning. Horfa þarf sérstaklega til námsleiða í grunnnámi. Það er skylda skólans að vera háskóli alls Íslands.“

Stutt umræða á sér stað um titil tillögunnar og hvort hann sé réttur.

Gunnar kynnir efni tillögunnar.

Kristín Friða fagnar tillögunni. Lýsir andstöðu sem hún hefur fundið hjá starfsfólki háskólans.

Forseti fagnar tillögunni og segir þetta auðvelt í framkvæmd. Það sé vel hægt að bæta fjarnám og efla mætingu í skólann. Veltir steinum varðandi útfærsla.

Júlíus Viggó fagnar tillögunni. Talar um hvernig umferðartölur á háskólasvæðinu hafa áhrif á rekstur Hámu.

Forseti og Júlíus ræða mælingar á mætingu á háskólasvæðinu. Forseti segir að það væri gaman að fá fulltrúa frá Félagsstofnun Stúdenta til að ræða þetta.

Styrmir segir að bætt fjarnám þurfi ekki að koma niður á mætingu.

Patryk lýsir upplifun sinni að sækja nám til Reykjavíkur en verandi utan af landi. Þetta sé mikilvægt aðgengismál fyrir landsbyggðina.

Forseti tekur undir með Patryk og segir núverandi fyrirkomulag geta ýtt undir stéttarskiptingu.

Gunnar þakkar fyrri ræðumönnum og segir dæmisögu af sömu gerð og Patryk.

Kosið um tillöguna.

Tillagan samþykkt einróma.

X. Lagabreytingartillaga lagaráðs.

Proposed Amendments to the Bylaws from the Bylaws Committee.

Flutningsmaður: Arent Orri J. Claessen.

Forseti kynnir lagabreytingatillögu frá lagaráði. Leggur til að kosið verði um hvert einasta erindi fyrir sig, að meginstefnu.

Forseti kynnir 20. gr. VII. kafla.

Forseti kynnir stuttlega nýjan möguleika á kosningu á staðnum í stað netkosningar.

Katla spyr um kjörstjórn og hvernig hún komist að niðurstöðum. Forseti segir að meirihluti nefndarinnar ráði.

Ísleifur spyr um áróður á kjörstað. Hvernig sé hægt að tryggja að ekki sé áróður á kjörstað. Forseti svarar því að það megi finna ákvæði um áróður á kjörstað í gömlu lögunum sem eru nýju lögunum til fyllingar.

Kosið um 20. gr.

Lagabreytingatillaga samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna utan Ásthildar Berthu Bjarkadóttur sem situr hjá.

Forseti kynnir 21. gr. VII. kafla.

Gunnar bendir á óheppilegt orðalag í greininni. Viðstaddir meðlimir lagaráðs eru sammála að breyta orðalagi í takt við ábendingu Gunnars.

Styrmir spyr út í þá sem eru í þverfræðilegu námi. Forseti svarar og segir þá geta valið sér á hvaða sviði þeir kjósa, nái námsleið þeirra yfir þau svið.

Kosið um 21. gr.

Lagabreytingatillaga samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna utan Ásthildar Berthu Bjarkadóttur sem situr hjá.

Forseti kynnir 22. gr. VII. kafla.

Þessi grein er frábrugðin eldri útgáfu.

Katla spyr hvort að varamenn séu númeraðir. Forseti og Katla ræða nánar framkvæmd samkvæmt nýja kerfinu og hvernig stigum er úthlutað.

Styrmir segir þetta breyta forsendum varðandi talningu stiga. Forseti segir að það þurfi mikið til til að eitthvað bregði út af vananum.

Júlíus segir að þetta myndi tryggja meiri festu á varamannalistum.

Katla segir að það væri ákjósanlegt að varamenn myndu birtast á Uglunni en ekki endilega númeraðir.

Forseti segist meðvitaður um að þetta skapi aukin vandamál fyrir fylkingar að þurfa að raða svo mörgum á lista en telur þetta engu að síður heillaspor þar sem að aukið vægi myndi liggja á bakvið veru fulltrúa á lista.

Maggi Snorrason og Forseti ræða varafulltrúa. Forseti segir að í nágildandi fyrirkomulagi þurfi ekki að tilgreina varafulltrúa og allt eins hægt að ákveða þá eftir kosningar. Það sé bagalegt.

Styrmir spyr út í útfærslu reglunnar. Hvort það væri til dæmis raða varamanni í aðalsæti. Forseti segir það ekki þælinguna.

Júlíus segir það mikilvægt að varamannalistum sé skilað inn.

Katla bendir á að lögin séu óskýr með hvort það sé hægt að raða varamönnum, spyr hvort að kjörstjórn geti ráðið því bara. Forseti segir að það sé ekki ætlunin að breyta neinu í praktískri framkvæmd kosninganna að þessu leyti sé miðað við síðustu kosningar. Katla segir það flott að varafulltrúar séu sýnilegir á Uglunni.

Kosið um 22. gr.

Lagabreytingatillaga samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna utan Ásthildar Berthu Bjarkadóttur sem situr hjá.

Forseti kynnir 23. gr. VII. kafla.

Kosið um 23. gr.

Lagabreytingatillaga samþykkt einróma.

Forseti kynnir 24. gr. VII. kafla.

Ísleifur spyr út í hversu bókstaflega eigi að taka orðalagi ákvæðisins um jöfn tækifæri. Forseti segir það verða að skýrast með hliðsjón af almennri skynsemi.

Styrmir spyr hvort að ákvæðið gildi fyrir nemendafélög. Forseti svarar að svo sé ekki.

Kosið um 24. gr.

Lagabreytingatillaga samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna utan Ásthildar Berthu Bjarkadóttur sem situr hjá.

Forseti kynnir 25. gr. VII. kafla.

Kosið um 25. gr.

Lagabreytingatillaga samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna utan Ásthildar Berthu Bjarkadóttur sem situr hjá.

Forseti kynnir 26. gr. VII. kafla.

Gunnar segir að þetta kerfi sé langt frá því að vera fullkomið og að hann sé sjálfur fylgjandi prófkjörsfyrirkomulagi. Spyr hvort að þetta ákvæði sé efnislega samhljóða gildandi lögum. Forseti staðfestir það.

Kosið um 26. gr.

Lagabreytingatillaga samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna utan Ásthildar Berthu Bjarkadóttur sem situr hjá.

Forseti kynnir 27. gr. VIII. Kafla.

Kosið um 27. gr.

Lagabreytingatillaga samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna utan Ásthildar Berthu Bjarkadóttur sem situr hjá.

Forseti kynnir 28. gr. VIII. kafla.

Lagabreytingatillaga samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna utan Ásthildar Berthu Bjarkadóttur sem situr hjá.

Forseti kynnir 29. gr. VIII. kafla.

Katla spyr um hámarksfrestinn, sem er sólarhringur í einhverjum tilfellum. Forseti segir að miðað sé við að hann sé allur nýttur ef við á. Kjörstjórn verði að meta frestinn af sanngirni.

Kosið um 29. gr.

Lagabreytingatillaga samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna utan Ásthildar Berthu Bjarkadóttur sem situr hjá.

Forseti kynnir 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. VIII. kafla.

Kosið um 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr.

Lagabreytingatillaga samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna utan Ásthildar Berthu Bjarkadóttur sem situr hjá.

Forseti kynnir 3. mgr. 30. gr. VIII. kafla.

Styrmir spyr hvort það sé hægt að misnota þessa heimild. Forseti segir það mjög ólíklega geta gerst í raun og veru

Ísleifur segir það varnagla að það þurfi að bera þetta undir Stúdentaráð.

Kosið um 3. mgr. 30. gr.

Lagabreytingatillagan samþykkt einróma.

Forseti kynnir 31. gr. VIII. kafla.

Kosið um 31. gr.

Lagabreytingatillagan samþykkt einróma.

Forseti kynnir 32. gr. VIII. kafla.

Kosið um 32. gr.

Lagabreytingatillagan samþykkt einróma.

Forseti kynnir 33. gr. VIII. kafla.

Kosið um 33. gr.

Lagabreytingatillagan samþykkt einróma.

Forseti kynnir 34. gr. VIII. kafla.

Styrmir spyr hvar áminningar samkvæmt ákvæðinu eru birtar. Forseti segir til dæmis vefsíða Stúdentaráðs.

Katla spyr hvort að framboði sem sé vísað úr kosningum sé heimilt að bjóða fram aftur. Forseti segir það hægt enda sé það í eðli sínu nýtt framboð, en þetta sé útfærsluatriði.

Katla bendir á óheppilegt orðalag og Forseti samþykkir að breyta því í takt við ábendingu hennar.

Kosið um 34. gr.

Lagabreytingatillagan samþykkt einróma.

Forseti kynnir 36. gr. IX. kafla.

Hér gildir einnig breyting sem Gunnar Ásgrímsson bar upp áður varðandi breytingu á orðalagi.

Kosið um 36. gr.

Lagabreytingatillagan samþykkt einróma.

Júlíus með vangaveltur um viðurlög og kvartanir. Forseti og Júlíus ræða hvaða kvörtunarefni eigi að reka fyrir kjörstjórn.

XI. Bókfærð mál og tilkynningar.

Recorded Matters and Announcements

- i. Staðfesting á kjöri Diljá Valsdóttur í sviðsráð Hugvísindasviðs.

Einróma staðfest.

- ii. Staðfesting á nýjum áheyrnarfulltrúa í öryggisnefnd: Dagmar Ísleifsdóttir.

Forseti ræðir tildrög þess að Dagmar sóttist eftir þessu, þá segir hann frá tilgangi öryggisnefndarinnar.

Kristín Fríða spyr hvort að þessi nefnd sjái um öryggi á háskólasvæðinu. Forseti segir að svo sé ekki. Nefndin passar uppá að ekki verði farið óvarlega með hin ýmsu spilliefni.

Maggi Snorrason spyr hvort að skrifstofan eða aðrir séu með yfirsýn yfir allar þær nefndir sem SHÍ getur tilnefnt í. Forseti segir að það sé ákveðið ut anumhald en oft komi eitthvað nýtt og skemmtilegt upp úr krafsinu.

Staðfest með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna utan Snæfríðar Bævar Tindsdóttur sem situr hjá.

- iii. Staðfesting á tilnefningum Röskvu og Vöku í kjörstjórn.
 - a. Tilnefning Röskvu: Alexandra Ýr van Erven og Benedikt Traustason.
 - b. Tilnefning Vöku: Albert Guðmundsson (formaður) og Janus Arn Guðmundsson.

Staðfest einróma.

XII. Önnur mál.

Other Matters

Styrmir kynnir hugmynd sína um próftímabil og færir rök fyrir því að lengja próftímabilið í 15 daga. Eigi þetta fram að ganga þurfi að breyta reglum háskólans.

Forseti talar um að þetta myndi stytta frí nemenda.

Júlíus og Styrmir ræða um dagsetningar. Júlíus hefur áhyggjur af því að þetta sé of nýtilkomið og það eigi eftir að ígrunda þetta betur.

Ragnheiður segist hafa áhyggjur af endurtektarprófum. Það er að ef stúdentar fari að berjast fyrir þessu gætu þeir fengið kennara á móti sér.

Maggi Snorrason spyr Ragnheiði út í endurtektarprófin í janúar og hver sé afstaða kennara til þeirra.

Ásdís Rán spyr hvort að þetta verði til þess að skólinn lengist um þrjá daga hvora önn. Styrmir svarar því játandi.

Kristín Fríða fagnar tillögunni.

Júlíus stingur upp á því að þetta verði tekið fyrir á næsta fundi Stúdentaráðs.

Styrmir flytur lokaorð. Ítrekar tillöguna og rökstuðning fyrir henni. Álag á nemendur sé of mikið.

Kosið um hvort að tillagan verði tekin til atkvæðagreiðslu.

Fylgjandi eru Patryk Edel og Tinna Eyvindardóttir. Gunnar Ásgrímsson og Júlíus Viggó Ólafsson eru mótfallnir og aðrir sitja hjá. Því verður ekki kosið um tillöguna.

Um liði III., V. – VI. og VIII. – XI. fer fram atkvæðagreiðsla.

I.	Fundur settur	17:00
II.	Yfirferð á málum sem hafa verið á döfinni.	17:00
III.	Fundargerð fundar þann 12. nóvember 2024 borin upp til samþykktar	17:10
IV.	Kynning á nýjum kjarafulltrúa SHÍ	17:15
V.	Tillaga um aðild Stúdentaráðs að Festu, miðstöð um sjálfbærni	17:30
VI.	Fundarhlé	17:40
VII.	Tillaga um hreiður á háskólasvæðinu	17:50
VIII.	Tillaga að ályktun um kröfu um stórbættra fjarnámskosta	18:00
IX.	Lagabreytingartillaga lagaráðs	18:10
X.	Bókfærð mál og tilkynningar	18:40
XI.	Önnur mál	18:50